

From: [Bjarni Guðmundsson](#)
To: [Ásta Stefánsdóttir](#); [Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps](#); ["Haraldur Þór Jónsson"](#); [Aldís Hafsteinsdóttir sv. Hrunamannahr.](#); [Sveitarfélagið Ölfus Elliði bæjarstjóri](#); ["Íris Róbertsdóttir"](#); [Sveitarstj. Rangárþing ytra](#); ["anton@hvolsvollur.is"](#); [valtyr@asahreppur.is](#); ["Sveitarstjóri Mýrdalshrepps"](#); [Sveitarstjóri Skaftárhrepps](#); ["Sigurjón Andrésson"](#); [Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppur](#); [Fjóra St. Kristinsdóttir bæjarstj. Árborg](#); [Geir Sveinsson bæjarst. Hveragerði](#)
Cc: [njalliragg](#); [Ingvi Már Guðnason](#); [sandrads@olfus.is](#); [Rósa Sif Jónsdóttir](#); [Bryndís Bjarnarson](#)
Subject: Samgöngunefnd SASS 2023 - 2032 ... Erindi til sveitarstjórna ...
Date: mánudagur, 5. júní 2023 11:41:50

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Fyrir komandi ársþing SASS ætlar samgöngunefnd samtakanna að skila af sér uppfærðri samgönguáætlun fyrir 2023 – 2032. Sem lið í undirbúningi vill formaður nefndarinnar, Njáll Ragnarsson í Vestmannaeyjum, gjarnan fá svör aðildarsveitarfélaga við eftirfarandi spurningum:

Spurningar til aðildarsveitarfélaga SASS frá samgöngunefnd samtakanna 2023

1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?
2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?
3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarstjórn ykkar setja fremst á blað, utan ykkar sveitarfélags?
4. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulag almenningsgangna á Suðurlandi (landsbyggðarstrætó, ferja og flug)?
5. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?

Óskað er eftir því að svör berist eigi síðar en í 16. ágúst nk. ef mögulegt er. Vinsamlegast sendið svör á Ingva Má starfsmann SASS á netfangið ingvi@sass.is en hann mun starfa með nefndinni.

Vakni spurningar er hvenær sem er hægt að ná á mig í síma 897 9791.

Bestu kveðjur,

Bjarni